



Reykjavík, 21. september 2021
SFS2021030129
216. fundur
HG/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skólamunasafn í Austurbæjarskóla

Á 202. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. mars 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um hvort tekin hafi verið ákvörðun um að skólamunasafn sem staðsett hefur verið í risi Austurbæjarskóla verði gert að flytja úr húsnæðinu. Hafi slík ákvörðun verði tekin er óskað upplýsinga um hver hafi tekið þá ákvörðun og hvers vegna hugmyndir um flutning safnsins hafi ekki verið ræddur í skóla- og frístundaráði. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hvort gera eigi ráðstafanir til að koma safninu fyrir annarsstaðar ef af flutningi þess verður. Sömuleiðis er rétt að benda á athugasemdir og gagnrýni íbúasamtaka Miðborgar sem liggja fyrir. Sömuleiðis er óskað upplýsinga um hvort ris Austurbæjarskóla sem hugmyndir hafa staðið til að verði kennslurými fyrir móttöku erlendra nemenda hafi verið tekið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og af brunaeftirlitinu.

Svar:

Í desember 2020 lagði skóla- og frístundasvið til að sett yrði á laggirnar íslenskuver í hverfum borgarinnar og samþykkti borgarstjórn verkefnið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Tillaga um tilhögun og verklag starfs í íslenskuveri var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 9. febrúar 2021.

Þess var farið á leit við Austurbæjarskóla þann 11. febrúar 2021 að skólinn legði til aðstöðu fyrir íslenskuver í borgarhlutanum. Var lagt til í erindi sviðsstjóra að staðsetning íslenskuvers í Austurbæjarskóla yrði staðsett í risi skólans sem hefur um hríð hýst skólamunastofu sem er verkefni á vegum Hollvinafélags Austurbæjarskóla. Umrædd beiðni var samþykkt á fundi skólaráðs þann 12. febrúar 2021.

Mikil andstaða kom frá Hollvinasamtökum Austurbæjarskóla, m.a. með stuðningi aðila utan skólasamfélagsins þegar átti að koma nýju íslenskuveri fyrir í aðstöðunni. Til að tryggja samstöðu og frið um opnun íslenskuversins sem er mikilvæg þjónusta við nemendur, leituðu stjórnendur skólans leiða til að koma því fyrir á öðrum stað í húsinu að sinni.

Vegna þrengsla í skólanum þarf skólinn engu að síður á aðstöðunni í risinu að halda fyrir áframhaldandi nýsköpun og skólaþróun í skólastarfinu, enda ljóst frá upphafi að ekki væri um framtíðaraðstöðu fyrir skólamínjastofu að ræða, vegna mikillar takmörkunar á aðgengi almennings að aðstöðunni. Þá skal tekið fram að vegna þess hvernig aðgengi er hátt að

skólaminjasafninu hafa þeir aðilar sem sinna safninu og fæstir eru starfsmenn skólans aðgengi að nemendum í húsnæði skólans.

Það metnaðarfulla starf kennara við Austurbæjarskóla, að halda til haga ýmsum munum og kennslugögnum úr sögu skólans, er mikils metið. Til að tryggja að fagaðilar ættu aðkomu að því að meta þá safnmuni sem eru í skólamunastofu var óskað aðkomu borgarsögusafns Reykjavíkurborgar og funduðu fulltrúar safnsins ásamt skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu SFS með stjórn hollvinafélagsins þann 18. maí 2021 til að ræða framtíð safngripa skólamunastofu. Safnstjóri lýsti þar yfir vilja borgarsögusafns til að yfirfara safnmuni og greina varðveislugildi þeirra og er áætlað að það geti gerst á næsta ári, 2022. Jafnframt bentu fulltrúar borgarsögusafns á að aðstaða í risi Austurbæjarskóla væri ekki ákjósanlegur kostur fyrir safnaðstöðu.

Hugmyndir hafa verið ræddar um möguleika á samstarfi við Kennarasamband Íslands um varðveislunni skólamuna t.d. í gamla Kennarahúsinu og hafa óformlegar samræður farið fram við forsvarsmenn félagsins þess efnis án þess að ákvarðanir hafi verið teknar. Samkvæmt svari frá Kennarasambandinu er gert ráð fyrir að framtíð Kennarahússins verði rædd á þingi KÍ í apríl næstkomandi.

Staðfest er frá skólanum að umrætt húsnæði í risi Austurbæjarskóla er hæft til kennslu að mati eftirlitsaðila.